

Verðbil verður 10% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils, en greiðslur úr sjóðnum 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. september 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum smábáta.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 25. október til og með 31. október eru allar fiskveiðar, aðrar en síldveiðar bannaðar á bátum smærri en 10. brl. sem ekki hafa sérstök botnveiðileyfi skv. 4. gr. laga nr. 97, 20. desember 1985.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkv. ákvæðum laga nr. 97, 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 97 20. desember 1985, um stjórn fiskveiða 1986-1987, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. september 1987.

F.h.r.

Árni Kolbeinsson.

Þórdur Eyþórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi við Víðilund á Akureyri.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 24. september 1987 staðfest uppdrátt af deiliskipulagi við Víðilund á Akureyri.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af bæjarstjórn Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 29. september 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.